

55

21. des.

KONUNGSBREF**um þingsuppsögn.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með veita yður, sem Vorum forsætisráðherra, umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Amaliuborg, 21. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

56

23. des.

AUGLÝSING

um viðbótarákvæði við samning við Stóra-Bretland um framsal afbrotamanna, frá 31. marz 1873.

Sendiherra Íslands og Danmerkur í London og utanríkismálaráðherra Stóra-Bretlands hafa, með erindum dagsettum 25. nóv. 1937, samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórna sinna, orðið ásáttir um, að ákvæðin í samningnum milli Stóra-Bretlands og Danmerkur, frá 31. marz 1873, um framsal afbrotamanna, sem einnig tekur til Íslands, skuli ennfremur gilda fyrir eftirfarandi hluta Brezka Ríkjasambandsins:

Umboðsríkin: Western-Samoa, New Guinea, Nauru, Cameroon, Togoland, Palestine (ásamt Transjordan) og Tanganyika Territory.

Brezk verndarríki: Bechuanaland, Gambia, Kenya, Nigeria, Northern Rhodesia, Northern Territories of the Gold Coast, Nyasalands, Sierra Leone, Salomon Islands, Swaziland, Uganda og Zanzibar.

Landsvæði, er njóta brezkrar verndar: Perak, Selangor, Negri, Sembilan, Pahang, Johore, Kedak, Perlis, Kelantan, Trengganu og Brunei.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 23. desember 1937.

Haraldur Guðmundsson.